

Nd.

493. Nefndarálit

[162. mál]

um frv. til laga um verðlagsmál.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta hefur verið til meðferðar á tveim fundum nefndarinnar. Þótt nefndarmenn greini í grundvallaratriðum nokkuð á um gagnsemi verðlagseftirlits almennt, hefur undirritaður meiri hluti nefndarinnar fallið á að mæla með samþykkt frumvarps þessa, eins og sakir standa, þótt hver nefndarmanna um sig áskilji sér rétt til þess að fylgja eða flytja breytingartillögur við frumvarpið. — Einn nefndarmanna, Skúli Guðmundsson, sat hjá við atkvæðagreiðslu um frumvarpið í nefndinni og mun skila sérstöku nefndaráliti.

Alþingi, 19. maí 1960.

Birgir Kjaran,
form.

Sigurður Ingimundarson,
frsm., fundaskr.

Jóhann Hafstein.

Einar Olgeirsson.